

A 1742/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og starfsréttindum á
hliðstæðum starfssviðum****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að norrænu löndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, viðurkenni sjálfkrafa menntun og starfsréttindi einstaklinga á hliðstæðum starfssviðum frá hinum löndunum, einnig Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Bakgrunnur

Með sjálfkrafa viðurkenningu á menntun og starfsréttindum fólks á hliðstæðum starfssviðum mætti ryðja alvarlegum stjórnsýsluhindrunum úr vegi á Norðurlöndum. Auðveldara yrði að horfa fram hjá mismunandi raunhæfnimatsferlum, hagræða í stjórnsýslunni og auka atvinnuþátttöku.

Vandamálið felst í því hvað reglur í löndunum um löggildar starfsgreinar eru ólíkar. T.a.m. menntun sem stenst kröfur í tilteknu landi en ekki alltaf annars staðar á Norðurlöndum.

Nú er undir yfirvöldum komið að meta menntun og starfsréttindi umsækjenda út frá löggildum störfum í landinu. Yfirvöld geta farið fram á að umsækjandi afli sér frekari menntunar eða starfsreynslu.

Kröfurnar geta reynst það miklar og málsmeðferðin flókin og seinvirk að jafnast á við synjun.

Ef við tökum bara Svíþjóð og Danmörk sem dæmi þá eru um 25 þúsund einstaklingar sem geta ekki sótt vinnu yfir Sundið sökum þess hvað raunfærnimatsferlin eru flókin. Þetta kemur fram í skýrslu sem Damvad Analytics vann árið 2017, „Samhalls-ekonomisk analys av gränshinder. Kostnader för Greater Copenhagen“.

Damvad Analytics skrifar ennfremur að „ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á ávinning fyrir hagkerfið í heild sinni ef raunfærnimatsferlin eru bætt. Í skýrslu frá Svenskt Näringsliv (2016) er því lýst hvernig tvær umbótatillögur um að hraða raunfærnimats-



ferli fyrir erlent vinnuafli myndu auka framleiðni í Svíþjóð að andvirði 350 milljóna sænskra króna og skatttekjur um 200 milljónir sænskra króna. Tilviksrannsókn sem Copenhagen Economics gerði árið 2012 sýnir að með því að draga úr muni á matskröfum og öðrum hindrunum á vinnumarkaði mætti skapa 700 störf á svæðinu í heild og yrði ávinningur samfélagsins um 300–400 milljónir danskra króna á ári.“

Maríuhöfn, Helsinki, Stokkhólmi,
Kaupmannahöfn og Reykjavík, 6. október 2017

Arto Pirttilahti (cent)

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Jenis av Rana (Mfl.)

Johanna Karimäki (gröna)

Katri Kulmuni (cent)

Lars Tysklind (L)

Mikael Staffas (Lib)

Mikko Kärnä (cent)

Robert Halef (KD)

Sigurður Ingi Jóhannsson (F)

Staffan Danielsson (C)